



Verklagsregla um skoðun gæðastjórnunarkerfa hönnuða og hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara

VLR 4.007

Útgáfa 1.0
Dags. 27.06.2013

1 Markmið

Að tryggja að gæðastjórnunarkerfi hönnuða og hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara fullnægi ætíð kröfum Mannvirkjastofnunar og jafnframt að samræmi sé í framkvæmd við skoðun skoðunarstofa á gæðastjórnunarkerfunum.

2 Umfang

Þessi verklagsregla gildir um allar skoðanir á gæðastjórnunarkerfum hönnuða og hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara sem kveðið er á um í byggingarreglugerð og framkvæmdar eru af skoðunarstofum fyrir hönd Mannvirkjastofnunar.

3 Ábyrgð

Tæknilegur stjórnandi skoðunarstofu ber ábyrgð á að ákvæðum verklagsreglunnar sé fylgt.

4 Framkvæmd skoðana

Eftir 1. janúar 2015 skulu hönnuðir og hönnunarstjórar, byggingarstjórar og iðnmeistarar hafa innleitt gæðastjórnunarkerfi sem uppfyllir þær kröfur sem fram koma í byggingarreglugerð.

Mannvirkjastofnun ber að skoða gæðastjórnunarkerfin eða láta faggilta skoðunarstofu annast skoðanir fyrir sína hönd. Skráning gæðastjórnunarkerfa í gagnasafn Mannvirkjastofnunar og öll stjórnsýsla sem lýtur að skoðun gæðastjórnunarkerfanna er á hendi Mannvirkjastofnunar.

Í upphafi starfsemi hönnuða og hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara skulu þeir fá faggilta skoðunarstofu sem til þess hefur réttindi, til þess að skoða gæðastjórnunarkerfi sitt. Standist gæðastjórnunarkerfið skoðunina mun Mannvirkjastofnun skrá hana í gagnasafn stofnunarinnar.

Hafi hönnuður og hönnunarstjóri, byggingarstjóri eða iðnmeistari fengið vottun faggiltrar skoðunarstofu samkvæmt öðru gæðastjórnunarkerfi, sem Mannvirkjastofnun telur að minnsta kosti jafngilt þeim kröfum sem fram koma í byggingarreglugerð, er þeim heimilt að framvísa þeirri vottun til Mannvirkjastofnunar og fá hana skráða í gagnasafn stofnunarinnar. Hér er til dæmis átt við gæðastjórnunarkerfi sem hafa fengið vottun samkvæmt ISO 9001 gæðastaðalinum.

Mannvirkjastofnun ber einnig að framkvæma reglulegar úttektir á gæðastjórnunarkerfum hönnuða og hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara. Semja skal við faggilta skoðunarstofu um framkvæmd úttektanna.

Skoðun á gæðastjórnunarkerfum hönnuða og hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara er fólgin í skoðun á verkskráningu, skjalavistun og úttektum á eigin verkum. Athugasemdir sem fram koma í skoðunarskýrslum við úttektir á verkum þessara aðila geta leitt til frekari skoðunar á gæðastjórnunarkerfum þeirra.



5 Vægi athugasemda vegna skoðunar gæðastjórnunarkerfa

Hönnuðir, hönnunarstjórar, byggingarstjórar og iðnmeistarar þurfa að kunna skil á hvaða vægi hinar ýmsu athugasemdir sem gerðar eru við úttektir á gæðastjórnunarkerfum þeirra hafa og hvernig þær eru flokkaðar.

Flokkun athugasemda er sem hér segir:

1. flokkur:

Gefa skal ábendingu um galla ef gæðastjórnunarkerfi er áfátt en þó ekki á því stigi að þær falli undir 2. og 3. flokk.

2. flokkur:

Krefjast skal lagfæringar innan ákveðinna tímamarka ef talið er að gæðastjórnunarkerfi sé ekki samkvæmt settum reglum en ágallar þó ekki verulegir.

3. flokkur:

Krefjast skal tafarlausra lagfæringa þar sem verulegir ágallar eru á gæðastjórnunarkerfi.

Frestur til lagfæringa er sem hér segir:

1. flokkur:

Eingöngu er um ábendingar að ræða. Almennt ekki krafa um lagfæringar innan ákveðinna tímamarka.

2. flokkur:

Almennt er gefinn allt að þriggja mánaða frestur til lagfæringa athugasemda í 2. flokki í nýjum gæðastjórnunarkerfum en í gæðastjórnunarkerfum aðila sem þegar eru í rekstri eru lagfæringar á athugasemdum án tímamarka.

3. flokkur:

Tafarlausra aðgerða er krafist vegna athugasemda í 3. flokki sé þess kostur en almennt er ekki gefinn lengri frestur en 1 mánuður. Skoðunarstofa tilkynnir Mannvirkjastofnun tafarlaust um ástand gæðastjórnunarkerfis. Mannvirkjastofnun tekur ákvörðun um framhald málsins.

Tilvísanir

www.mvs.is

Leiðbeiningar um gæðastjórnunarkerfi í byggingarreglugerð

Skoðunarhandbók

Skoðunareyðublöð

Skoðunarskýrsla

Listi yfir staðlaðar athugasemdir